



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1146
komudagur 19.2.2003

19. febrúar 2003
Dags. yðar: 7. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, 518. mál, heildarlög, EES-reglur

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, 518. mál, heildarlög, EES-reglur.

Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru þær að starfsleyfisskyldum sjóðum er skipt upp í verðbréfasjóði annars vegar og fjárfestingarsjóði hins vegar. Verðbréfasjóðir verða stofnaðir og reknir af rekstrarfélagi í stað þess að vera sjálfstæðir lögaðilar, en í gildandi lögum eru þeir hlutafélög. Rekstrarfélög verðbréfasjóða fá starfsleyfi stjórnvalda og verða fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjárfestingarsjóðir eru nýtt starfsleyfisskilt form sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi. Með því er verið að auka svigrúm aðila til að stofna fleiri tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi.

Ný ákvæði eru um upplýsingagjöf verðbréfasjóða í samræmi við breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu, m.a. er kveðið á um skyldu sjóða til að gera útdrátt úr útboðslýsingu. Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutdeildarskírteini staðfestingu og fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutabréf starfsleyfi.

Seðlabanki Íslands fékk á síðasta ári tækifæri til að kynna sér drög að frumvarpi til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og gaf í því sambandi að beiðni viðskiptaráðuneytisins umsögn um tiltekin atriði í þeim frumvarpsdrögum. Við það tækifæri voru einnig gerðar nokkrar aðrar athugasemdir aðallega tæknilegs eðlis.


SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Seðlabanki Íslands telur að frumvarp það sem nú liggur fyrir sé til verulegra bóta fyrir íslenskan verðbréfamarkað og mælir því með að það verði samþykkt.

Í meðfylgjandi minnisblaði eru raktar nokkrar ábendingar við frumvarpið sem eru fremur tæknilegs eðlis en efnislegs.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar



Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Minnisblað með nokkrum ábendingum við frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, 518. mál

2. gr.

Í 6. tl. er orðalagið „að eiga hlutdeild að sjóði“ notað. Réttara virðist vera að nota orðalagið „að eiga hlutdeild í sjóði“.

3. gr.

1. ml. 2. mgr. endar á orðunum „um viðkomandi sjóð.“ Svo virðist sem eðlilegra sé að nota orðið sjóður í fleirtölu, þannig að málsliðurinn endi á orðunum „um viðkomandi sjóði.“

6. gr.

Í greininni er vísað í „II. kafla H laga þessara,“. Hér virðist réttara að hafa punkt fyrir aftan stafinn „H“.

9. gr.

Í 2. tl. 1. mgr. er orðalagið „ekki nýtt heimild til starfsemi verðbréfasjóðs“. Hér virðist réttara að segja „ekki nýtt heimild til starfrækslu verðbréfasjóðs“.

18. gr.

Fyrstu tveir málsliðir greinarinnar eru svohljóðandi: „Rekstrarfélagi er heimilt að fela öðrum aðilum verkefni þau sem kveðið er á um í 17. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélagi er þó aldrei heimilt að útvista öll verkefni skv. 17. gr.“ Athugandi er að sameina þessa tvo málsliði t.d. þannig: „Rekstrarfélagi er heimilt að fela öðrum aðilum hluta af verkefnum þeim sem kveðið er á um í 17. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.“

26. gr.

Í 2. ml. er talað um „dreifingu jöfnunarbréfa“. Athugandi er hvort réttara sé að tala hér um „útgáfu jöfnunarbréfa“.

27. gr.

Í lok 4. ml. 2. mgr. segir „skal frestun auglýst opinberlega.“ Kostur væri að taka af skarið um það hvar auglýsingin birtist.

29. gr.

Í greininni er rætt um að birta innlausnarvirði hlutdeildarskírteina opinberlega. Sama athugasemd á hér við og kemur fram um 27. gr.

48. gr.

7. mgr. endar á orðinu „missiri“. Þarna mun eiga að standa „misseri“.

52. gr.

Í 1. ml. 1. mgr. kemur fyrir eftirfarandi orðalag „gefur rekstrarfélag út skilríki fyrir eignarréttindum að fjárfestingarsjóði“. Athugandi er hvort í staðinn fyrir orðið „að“ eigi að koma „í“.

Í lok 2. ml. 1. mgr. er vísað í „ákvæði II. kafla A-D og H.“ Hér virðist réttara að hafa punkt á eftir bókstöfunum A og D.

53. gr.

4. ml. 2. mgr. er svohljóðandi: „Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.“ Hér gildir það sama og sagt var hér að framan um opinberlega auglýsingu varðandi greinarnar 27. og 29.

54. gr.

Hér virðist réttara að hafa punkt á eftir bókstafnum „F“ í upphafi 1. mgr.

68. gr.

Réttara virðist vera að hafa punkt á eftir bókstafnum „H“ í 4. og 7. tl.

69. gr.

Í 1. tl. 1. mgr. er vísað í 3. mgr. 1. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis. Réttara virðist vera að vísa til 1. mgr. 5. gr. og 56. gr.

6. tl. er svohljóðandi: „markaðssetningu verðbréfasjóða með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi (1. mgr. 43. gr.),“. Réttara virðist vera að orða þennan lið svohljóðandi: „markaðssetningu erlendra verðbréfasjóða hér á landi með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (1. mgr. 43. gr.),“.

Ákvæði til bráðabirgða

Í II. er fjallað um verðbréfasjóði sem hafa starfsleyfi skv. 27. gr. laga nr. 10/1993, en í I. er fjallað um verðbréfasjóði almennt. Hér er athugandi hvort ekki sé rétt að breyta I. þannig að 2. ml. verði svohljóðandi: „Verðbréfasjóði sem ekki fellur undir 27. gr. laga nr. 10/1993 skal slitið innan sex mánaða frá gildistöku laganna.“

Í upphafi 1. mgr. III. segir: „Hlutabréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu til almennings sem heyra undir lög þessi skulu óska eftir ..“ Hér færi hugsanlega betur að orða nefndan texta á þennan veg: „Hlutabréfasjóðir og aðrir sjóðir sem veita viðtöku fé frá almennungi til sameiginlegrar fjárfestingar og heyra undir lög þessi skulu óska eftir“